

Pistill – *Cirsium arvense*

Pistill er innflutt tegund sem vex hér og hvar í byggð, helst meðfram vegum og við bæi. Pistill er stórvaxinn (30-70 cm), með margar þéttblóma purpurarauðar blómkörfur en laufblöðin eru þyrnótt. Hann myndar þéttar breiður sem verða áberandi þegar líða tekur á sumarið en plantan blómstrar í ágúst-september. Þar sem hann blómstrar seint nær hann líklega ekki oft að þroska fræ en dreifist trúlega mest með rôtarskotum og með jarðvegsflutningum. Það getur verið mjög erfitt að uppræta pistil en sláttur virkar sennilega best.



Mynd 1. Pistill. Ljósmynd Hörður Kristinsson.

Sláttur eða klipping

- Slá eða klippa þarf plönturnar alveg niður við rót. Það er gert rétt áður en blómin springa út en þá er næringarforði í rötum minnstur og því líklegast að plantan drepist. Sláttur getur þétt plönturnar þannig að þær myndi fleiri rôtarskot. Slátt eða klippingu þarf því að endurtaka (fylgjast með staðnum vikulega næstu vikur) en markmiðið er að láta plöntuna eyða upp rôtarforða sínum. Það er ekki gott að rífa plönturnar upp því þá er hætta á að rötin rifni í tvennt og myndi fleiri nýjar plöntur.

Beit virkar alls ekki á pistil og því kemur hún ekki til greina.

Heimildir:

<https://www.ni.is/biota/plantae/anthophyta/thistill-cirsium-arvense>

https://www.wildflowers-and-weeds.com/weedsinfo/Cirsium_arvense.htm

Hörður Kristinsson, Jón Baldur Hlíðberg og Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2018. Flóra Íslands. Blómplöntur og byrkningar. Vaka-Helgafell. Reykjavík 2018.